



## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjanesbær, 30. október 2023  
Mál nr. 2023020682 /00.01

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar þann 26. október 2023 var eftirfarandi fært til bókar:

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþágna frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0318.pdf>

Lögð fram umsögn vegna 314. máls umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Bæjarráð tekur undir framlagða umsögn Sveins Björnssonar byggingarfulltrúa og Gunnars Kr. Ottóssonar skipulagsfulltrúa. Afrit af umsögn send til allra þingmanna kjördæmisins.

Ofangreint tilkynnist hér með  
f.h. Reykjanesbæjar

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir  
Skjalavörður

Fylgiskjal: Umsögn byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar

#### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



## Alþingi – nefnda- og greiningasvið

Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjanesbær, 23. október 2023

Mál nr. 2023020682

### Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.

Með lagafrumvarpinu er verið að færa skipulags- og byggingarvald frá hlutaðeigandi sveitarfélagi yfir til Skipulagsstofnunar að fenginni beiðni frá Vinnumálastofnun.

Með því að svipta sveitarfélög skipulags- og byggingarvaldi er verið að skapa slæmt fordæmi til framtíðar í skipulags- og byggingarmálum.

Með lagafrumvarpi þessu er í raun verið að setja starfsmenn skipulags- og byggingarfulltrúa, eldvarnareftirlits og heilbrigðiseftirlits í þá stöðu að vinna gegn eigin vitneskju, heiðri og samvisku með því að taka ábyrgð á að setja borgara í ómannúðlegar aðstæður.

Það að hlutaðeigandi sveitarfélag skuli tilkynna lóðarhöfum og nágrönnum í grenndinni um breytta notkun á húsnæði er fráleitt. Sú kynning á betur heima hjá Skipulagsstofnun eða Vinnumálastofnun sem er í raun samkvæmt frumvarpinu leyfisveitandi.

Í lagafrumvarpinu eða greinargerð er hvergi tekið á mótvægisáðgerðum til að leysa þann vanda sem frumvarpinu er ætlað að koma til móts við, einnig er frjáls heimild ráðherra til framlengingar á reglugerð til veitingu undanþága letjandi til varanlegra lausna til framtíðar.

Virðingarfyllt,

Sveinn Björnsson  
byggingarfulltrúi

Gunnar Kr. Þ. Ottósson  
skipulagsfulltrúi

#### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni